

Febrúar 2020



Krabbameinsskimanir

**Tillögur verkefnisstjórnar um framkvæmd
tillagna og ákvarðana landlæknis og
heilbrigðisráðherra**

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Samantekt	3
3. Tilhögun vinnu verkefnisstjórnar	4
4. Tillögur landlæknis og ákvarðanir ráðherra	5
5. Niðurstöður verkefnisstjórnar	5
5.1 Heildarábyrgð og stjórn skimana	6
5.2 Taka leghálssýna	6
5.3 Brjóstaskimanir og sérskoðanir brjósta.....	7
5.4 Greining leghálssýna.....	7
5.5 Leghálsspeglanir, veirurannsóknir leghálssýna og leit að duldu blóði í hægðum.....	7
5.6 Kostnaður einstaklinga	8

1. Inngangur

Heilbrigðisráðherra skipaði verkefnisstjórn þann 3. september 2019, til að útfæra fyrirbyggjandi tillögur og ákvarðanir um breytt skipulag á stjórnun, staðsetningu og framkvæmd skimana fyrir krabbameinum.

Fyrir lá álit skimunarráðs og minnisblað landlæknis frá febrúar 2019, ásamt síðari ákvörðunum ráðherra og landlæknis um tiltekna þætti.

Verkefnisstjórnina skipa:

Agnes Smáradóttir, tiln. af Landspítala
Ágúst Ingi Ágústsson, tiln. af Leitarstöð Krabbameinsfélagsins
Halla Þorvaldsdóttir, tiln. af Krabbameinsfélagi Íslands
Guðrún Sigurjónsdóttir, án tilnefningar, formaður
Kristján Oddsson, tiln. af Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu
Orri Ingbórsson, tiln. af Sjúkrahúsinu á Akureyri
Þórgunnur Hjaltadóttir, tiln. af embætti landlæknis

Miðað við þær ákvarðanir og tillögur sem fyrir lágu voru eftirfarandi atriði kynnt sem verkefni verkefnisstjórnarinnar á fyrsta fundi:

- Gera tillögu um hvar yfirsýn um krabbameinsskimanir á heima og hver hafi með höndum að grípa til aðgerða sé mæting ekki ásættanleg.
- Gera tillögu um hvar innkallanir og upplýsingagjöf innkallaðra verður staðsett.
- Gera tillögu um hvar skrá um eðlilegar rannsóknir verður, hvort sérstök skrá verði áfram starfrækt eða hvort niðurstöður skimana verði hluti af sjúkraskrá einstaklinga á sama hátt og skrá um bólusetningar.
- Undirbúa flutning leghálssýnatöku til heilsugæslu, m.a. með kostnaðargreiningu vegna flutnings fjár og þjálfun ljósmæðra sem starfa hjá heilsugæslunni.
- Gera tillögu um hvar greining frumustroka úr leghálssi fer fram.
- Undirbúa að Sjúkratryggingar Íslands geri samninga við Landspítala vegna afbrigða við leghálsskoðun, veirurannsóknir á leghálssýnum, sérskoðanir brjósta og leit að duldu blóði í hægðum.
- Undirbúa flutning á skimun með brjóstamyndatökum til Landspítala og Sjúkrahúsins á Akureyri.

2. Samantekt

1. Lagt er til að stjórn og heildarábyrgð á krabbameinsskimunum verði hjá embætti landlæknis. Klínískar leiðbeiningar um skimanir, er þegar á ábyrgð embættis landlæknis. Einnig fer embættið með eftirlit með árangri og framkvæmd skimunar. Í því felist meðal annars reglubundin birting gæðavísa sem embættið ákveður og fram koma í kröfulýsingum og samningum við framkvæmdaaðila.
2. Skimunarskrá verði ein af heilbrigðisskrám embættis landlæknis, þar sem boð, mæting í skimanir, niðurstöður og eftirfylgd eru varðveitt. Skráin verði á ábyrgð embættis landlæknis. Bent er á að athuga þarf hvort fullnægjandi lagastoð sé fyrir skimunarskrá.

3. Embætti landlæknis verði falið að bera ábyrgð á almennri upplýsingagjöf um skimanir, mikilvægi þeirra, áhættu og árangri.
4. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins verði falinn rekstur stjórnstöðvar sem beri ábyrgð á að skipuleggja og samhæfa framkvæmd skimana, boð í skimun út frá skimunarskrá, upplýsingagjöf til þeirra sem hafa fengið boð í skimun og birtingu niðurstaðna úr skimunum. Stefnt skal að því að boð í skimun verði stafræn sem fyrst.
5. Sett verði árangursviðmið inn í kostnaðarlíkan heilsugæslu sem lýtur að mætingu í skimanir hjá skráðum sjúklingum heilsugæslustöðva. Þannig hafi heilsugæslustöðvar fjárhagslegan ávinning af því að þátttaka sjúklinga þeirra í skimunum sé í samræmi við gæðaviðmið landlæknis.
6. Heilsugæsla og leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands skipuleggi verklega þjálfun ljósmæðra sem starfa hjá heilsugæslunni í sýnatöku. Þjálfun verði lokið fyrir árslok 2020.
7. Frumurannsóknir vegna leghálsskimana verði á ábyrgð Landspítala.
8. Sérskoðanir (klínískar rannsóknir) á brjóstum og leghálsi verði á ábyrgð Landspítala.

Samningar um heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. skimanir eru á hendi Sjúkratrygginga Íslands. Verkefnisstjórnin leggur áherslu á að í samningum Sjúkratrygginga við þær stofnanir sem framkvæma munu skimanir verði skýr gæða- og árangursviðmið. Einnig ákvæði um aðgerðir, takist ekki að standa við samninga varðandi kostnað og árangur. Nauðsynlegt er að samningar um skimanir séu skilgreindir sem viðbót við kjarnastarfsemi viðkomandi heilbrigðisstofnana og að fé sem ætlað er til skimana fari ekki til annarra verkefna.

Frekari tillögur fagráða um skimanir fyrir einstökum krabbameinum, sem nú liggja ekki fyrir, geta haft áhrif á skipulag í framtíðinni.

Verkefnisstjórnin tekur undir með skimunarráði og landlækni um mikilvægi þess að flutningi skimana frá Krabbameinsfélagi Íslands til stofnana ríkisins fylgi nauðsynlegt fjármagn, þekking og mannauður til að tryggja áfram góða þjónustu.

Verkefnisstjórnin leggur áherslu á að tryggt verði að aðgangur að þjónustunni minnki ekki miðað við það fyrirkomulag sem nú er.

Bent er á mikilvægi þess að heilbrigðisfyrirvöld skoði samvinnu við erlenda aðila í víðu samhengi til að tryggja sem best gæði, öryggi og skilvirkni skimunar hér á landi.

3. Tilhögun vinnu verkefnisstjórnar

Verkefnisstjórnin hélt 8 fundi, frá 9. október 2019 til 29. janúar 2020 og fékk á fundi til sín þá sérfræðinga sem málið var sérstaklega talið varða. Fulltrúar Krabbameinsfélagsins kynntu núverandi starfsemi Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins, fulltrúar embættis landlæknis komu til að fara yfir skráninga- og upplýsingamál og fulltrúar frá Landspítala fóru yfir annars vegar atriði sem varða frumuskoðun og hins vegar atriði er varða veipurannsóknir á leghálssýnum. Ekki voru kallaðir til sérfræðingar vegna leghálsspeglana og sérskoðana brjósta.

Hag- og fjárlagaskrifstofa heilbrigðisráðuneytisins sá um að taka saman fjárhagsupplýsingar sem voru að langmestu leyti fengnar frá Krabbameinsfélagi Íslands en einnig frá Sjúkratryggingum Íslands. Fjárhagsupplýsingar og kostnaðargreining núverandi fyrirkomulags voru ekki tekin fyrir á fundum verkefnisstjórnarinnar.

4. Tillögur landlæknis og ákvarðanir ráðherra

Þann 22. febrúar 2019 barst ráðherra minnisblað landlæknis um staðsetningu, stjórn og framkvæmd skimana fyrir krabbameinum ásamt áliti skimunarráðs fyrir skimun á krabbameinum.

Helstu atriði tillagna landlæknis voru eftirfarandi:

- Að sett yrði á fót stjórnstöð skimunar sem hefði eftirtalin hlutverk og verkefni:
 - Semja um og skipuleggja framkvæmd skimana.
 - Innkallanir og upplýsingagjöf til þeirra sem eru innkallaðir.
 - Halda skrá um eðlilegar rannsóknir (skimunarskrá).
 - Rekstur Krabbameinsskrár og tölfræðilega úrvinnslu.
 - Krabbameinsskrá fái aukið hlutverk sem felst í að halda líka utan um forstigsbreytingar krabbameins og önnur afbrigði.
- Að leghálsskimanir, þ.e. taka sýna verði á tilteknum heilsugæslustöðvum.
- Að leghálsspeglanir vegna afbrigða við leghálsskoðun verði gerðar á vegum Landspítala.
- Að veirurannsóknir á leghálssýnum verði gerðar á Landspítala.
- Að rannsóknir á frumustrokum vegna leghálssýna verði hjá stjórnstöð skimana eða á Landspítalanum.
- Að brjóstamyndatökur verði á vegum Krabbameinsfélags Íslands eða hjá öðrum aðila eftir því hvernig um semst.
- Að sérskoðanir brjóstá verði áfram á vegum Landspítala.
- Að leit að duldu blóði í hægðum verði gerð á Landspítala.

Einnig lagði landlæknir til að skipuð yrði verkefnisstjórn til að koma tillögunum í framkvæmd.

Þann 27. júní sl. sendi landlæknir bréf til heilbrigðisráðherra þar sem hann tilkynnti ákvörðun sína um að hverfa frá tillögum sem lúti að Krabbameinsskrá. Embætti landlæknis telur farsælast að rekstur Krabbameinsskrár Íslands verði óbreyttur að sinni og meðan verið er að vinna að nýrri útfærslu skimana hér á landi. Landlæknir mun síðar taka ákvörðun um hvort og hvaða breytingar verða gerðar á rekstri Krabbameinsskrár Íslands í samræmi við hlutverk sitt sem ábyrgðaraðila skrárinnar skv. lögum um landlækni og lýðheilsu.

Heilbrigðisráðherra hefur samþykkt ofangreind atriði í minnisblaði landlæknis og áliti skimunarráðs en til viðbótar tók hann í júlí 2019 þá ákvörðun að skimun fyrir brjóstakrabbameinum verði á vegum Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri að tillögu stofnananna. Ráðherra tók einnig þá ákvörðun að ekki verði sett á fót stjórnstöð skimunar heldur verði tiltekinni stofnun falin verkefni stjórnstöðvar þar sem verkefnin sem ætluð voru stjórnstöð voru minni en upphafleg tillaga gerði ráð fyrir.

5. Niðurstöður verkefnisstjórnar

Í minnisblaði landlæknis var tillaga um að stjórnstöð skimana myndi semja um og skipuleggja framkvæmd skimana.

Sjúkratryggingar Íslands fara með það hlutverk að semja um framkvæmd heilbrigðisþjónustu. Einnig tók landlæknir af skarið með að Krabbameinsskrá yrði ekki hluti af verkefni nýrrar stjórnstöðvar. Þegar verkefnisstjórn kom saman hafði umfang verkefna sem stjórnstöð var ætlað því minnkað verulega frá upphaflegu minnisblaði embættisins. Í því ljósi var það mat ráðuneytisins að ekki væri tilefni til að setja á fót sérstaka stjórnstöð á þessum grundvelli heldur fela stofnunum sem fyrir eru verkefnin.

5.1 Heildarábyrgð og stjórn skimana

Heildarábyrgð með framkvæmd skimana hefur verið hjá Krabbameinsfélagi Íslands á grundvelli samnings félagsins við Sjúkratryggingar Íslands og er hluti af þeim verkefnum sem landlæknir gerði ráð fyrir í sinni tillögu að yrðu falin stjórnstöð skimana. Þar á meðal er **skimunarskrá** þar sem skráð eru boð í skimanir, mæting, niðurstöður skimana og eftirfylgd. Ákvörðun um að senda út boð í skimanir byggir á upplýsingum í skimunarskrá. Einnig hefur Krabbameinsfélag Íslands staðið fyrir upplýsingagjöf um skimanir og mikilvægi þeirra í samfélaginu í heild ásamt því að gera sérstakt átak til að auka mætingu í skimun ef tilefni hefur verið til.

Verkefnisstjórnin mælir með að embætti landlæknis verði falið að fara með heildaryfirsýn skimana fyrir krabbameinum. Þar með talin ábyrgð á, að sett séu árangursviðmið og gæðavísar, gæðakröfur til þjónustuaðila, gæðaeftirlit með skimunum og árangursmat. Embætti landlæknis beri einnig ábyrgð á birtingu gæðavísa og árangursmats í samræmi við álit skimunarráðs og núverandi fyrirkomulag. Þessi tilhögun fer vel saman við hlutverk embættisins varðandi gæðamál og eftirlit. Einnig samræmist það vel hlutverki landlæknis á sviði forvarna og lýðheilsu að standa að almennri upplýsingagjöf um skimanir, áhættu og árangur af skimunum.

Verkefnisstjórnin telur nauðsynlegt að haldin verði áfram skimunarskrá þar sem skráð eru boð í skimanir, mæting, niðurstöður skimana, eftirfylgd og önnur þau atriði sem nauðsynleg eru vegna skipulegrar lýðgrundaðrar skimunar. Ákvörðun um að senda út boð í skimanir byggir á upplýsingum í skimunarskrá. Bent er á að kanna þarf hvort lagastoð fyrir skimunarskrá er fullnægjandi.

Verkefnisstjórnin leggur áherslu á að niðurstöður skimana séu einnig aðgengilegar í sjúkraskrá sjúklings.

Verkefnisstjórnin telur nauðsynlegt að ábyrgð á boðum í skimanir og endurkomur í samræmi við niðurstöður skimana verði miðlæg í kerfinu og á hendi eins aðila. Lagt er til að rekin verði stjórnstöð sem hafi það hlutverk að senda út boð í skimun á grundvelli upplýsinga í skimunarskrá, sjá um upplýsingagjöf til innkallaðra, samhæfa framkvæmd skimana milli þjónustuaðila og sjá um tengsl við þá aðila sem hafa á hendi framkvæmd skimana. Verkefnisstjórnin mælir með að rekstur slíkrar starfsemi verði falinn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Stefnt skal að því að boð í skimun verði eingöngu stafræn. Nú þegar er verið að senda konum boð á island.is og munu niðurstöður úr skimunum verða birtar þar frá og með 15. febrúar 2020.

Stefnt skal að því að boði um skimun fylgi tiltekin tímasetning skimunar.

Upplýsingar í skimunarskrá eru sjúkraskrárupplýsingar og lýtur því eignarhald á upplýsingum í skránni lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár.

5.2 Taka leghálssýna

Fyrir liggur ákvörðun ráðherra um að taka sýna vegna leghálsskimana verði fluttar til heilsugæslu.

Nú þegar fer sýnataka vegna leghálsskimana fram á heilbrigðisstofnunum utan höfuðborgarsvæðisins og eru að langmestu leyti í höndum ljósmæðra sem eru starfsmenn viðkomandi stofnana. Því verður stærsta breytingin á höfuðborgarsvæðinu þar sem sýnataka mun færast frá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins yfir í heilsugæslu. Það kallar á þjálfun ljósmæðra á heilsugæslustöðvum í sýnatöku og ákvörðun heilsugæslunnar um staðsetningu þjónustunnar. Krabbameinsfélagið hefur lýst sig reiðubúið til að sinna verklegri þjálfun ljósmæðra en þar er þekking og löng reynsla í að veita þessa þjálfun.

Þá er rétt að fram komi að talsverður hluti sýna nú tekinn af kvensjúkdómalæknum á stofum og var fjöldi þeirra 8.113 árið 2018.

Til að auka þátttöku í skimunum er lagt til að sett verði gæðaviðmið inn í greiðslulíkan heilsugæslu sem lýtur að þátttöku skráðra sjúklinga heilsugæslustöðva í skimunum. Þannig hafi heilsugæslustöðvar

fjárhagslegan ávinning að því að þátttaka þeirra sjúklinga í skimunum sé í samræmi við gæðaviðmið embættis landlæknis. Áætla þarf fjármagn í þennan lið ef af verður. Nauðsynleg forsenda þessa er einnig að heilsugæslan hafi aðgang að upplýsingum úr skimunarskrá til að hafa yfirsýn um þátttöku sjúklinga sinna í skimunum.

Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins verði falinn rekstur stjórnstöðvar sem beri ábyrgð á að skipuleggja og samhæfa framkvæmd skimana, boð í skimun út frá skimunarskrá og upplýsingagjöf til þeirra sem hafa fengið boð í skimun. Stefnt skal að því að boð í skimun verði stafræn sem fyrst.

5.3 Brjóstaskimanir og sérskoðanir brjósta

Fyrir liggur ákvörðun ráðherra um að brjóstaskimanir verði á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Verkefnisstjórnin leggur til að Landspítalanum verði falin ábyrgð á brjóstaskimunum (myndatökum og úrlestri) og sérskoðunum brjósta á öllu landinu en að Landspítalinn eigi samstarf við Sjúkrahúsið á Akureyri um framkvæmd skimana og sérskoðana eftir því sem hagkvæmt þykir.

Gæta þarf að því að sett verði ákvæði um tengsl þátttöku og greiðslu í samninga um brjóstaskimanir þannig að hvati sé til að uppfylla árangurskröfur.

5.4 Greining leghálssýna

Í áliti skimunarráðs og minnisblaði landlæknis er lagt til að greining leghálssýna verði á hendi stjórnstöðvar krabbameinsskimana eða hjá Landspítalanum.

Verkefnisstjórnin leggur til að frumurannsóknir vegna leghálssýna færist til Landspítala. Með því verða allar frumurannsóknir á landinu á einni hendi.

Leghálssýni sem tekin eru vegna skimunar eru nú öll greind á rannsóknarstofu leitarviðs Krabbameinsfélags Íslands en þau voru rúmlega 27.000 árið 2019 en tæplega 24.000 árið 2018. Á meinafræðideild Landspítalans eru rannsóknir gerðar á frumusýnum sem tekin eru í öðrum tilgangi en vegna leghálsskimunar og eru um 2.000 sýni greind á ári.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala er algengast í nágrennalöndum Íslands að frumurannsóknarstofa sé hluti af meinafræðideildum spítala.

Í vinnu verkefnisstjórnarinnar hefur komið skýrt fram að fagráð um leghálsskimanir hyggist leggja til að tekin verði upp skimun með HPV mælingum strax á næsta ári hjá konum sem eru eldri en 30 ára og að þá muni draga verulega úr greiningu leghálssýna vegna skimunar fyrir krabbameini í leghálsi því má ætla að leghálssýnum vegna leghálsskimunar fækki hratt á allra næstu árum og verði um 8000 talsins eftir 5-10 ár sé miðað við 80% þátttöku í skimun.

5.5 Leghálsspeglanir, veirurannsóknir leghálssýna og leit að duldu blóði í hægðum

Leghálsspeglanir eru nú gerðar á Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands og hjá sérgreinalæknum á eigin stofum. Á árinu 2018 voru gerðar 825 speglanir á Leitarstöðinni og tæplega 430 á stofum sérgreinalækna (leiðrétta tölur, jan. 2021).

Landlæknir hefur lagt til að leghálsspeglanir verði í framtíðinni á vegum Landspítala. Verkefnisstjórnin tekur undir með landlækni og leggur til að ábyrgð á leghálsspeglunum verði á Landspítala sem geti átt samstarf við aðra aðila eftir því sem hagkvæmt þykir.

Veirurannsóknir á leghálssýnum eru nú framkvæmdar á Landspítalanum og gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Gert hefur verið ráð fyrir að þegar skimun fyrir krabbameinum í ristli og endaparmi hefjist muni Landspítalinn sjá um leit að duldu blóði í hægðum.

5.6 Kostnaður einstaklinga

Komugjöld einstaklinga vegna skimana eru ákvörðuð í reglugerð. Þau renna í dag óskipt til Krabbameinsfélagsins og fjármagna skimunina að hluta til. Komugjald vegna krabbameinsskimunar er ekki hluti af almenna greiðsluþáttökukerfi sjúkratrygginga og lækkar því ekki þótt konur hafi notað mikið aðra heilbrigðisþjónustu. Rúmlega 167 mkr. voru innheimtar af sjúklingagjöldum árið 2018.

Krabbameinsfélag Íslands hefur verið með tilraunaverkefni þar sem komugjöld hafa verið felld niður hjá þeim sem eru að koma í fyrsta sinn í skimun, þ.e. 40 ára konur sem koma í brjóstaskimun og 23 ára konur sem koma í leghálsskimun. Niðurstaða þess verkefnis er að þeim fjölgaði verulega sem komu í skimun og er í samræmi við könnun sem hefur verið gerð varðandi áhrif komugjalds á þátttöku í skimun og niðurstöður í öðrum löndum. Ljóst er að fyrir tiltekinn hóp er upphæð komugjalds hindrun.

Nauðsynlegt er að taka afstöðu til þess hvernig eigi að breyta greiðsluþáttöku vegna skimunar. Bæði vegna þess að kostnaður getur verið hindrun varðandi þátttöku en einnig í ljósi þess að koma í leghálsskimun verður nú hluti af heilsugæslunni og þar greiðir fólk mun lægri komugjöld.

Verkefnisstjórnin styður hugmyndir um að skimun verði gjaldfrjál.

Bókun með skýrslu verkefnisstjórnar um framkvæmd tillagna og ákvarðana landlæknis og heilbrigðisráðherra

Við undirrituð, fulltrúar Krabbameinsfélags Íslands og Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins höfum unnið í verkefnisstjórninni af fullum heilindum við að útfæra fyrirbyggjandi ákvarðanir um breytingar á skimun fyrir krabbameinum í brjóstum og leghálsi. Í verkefnisstjórninni höfum við komið á framfæri sjónarmiðum til að reyna að tryggja að fagleg gæði og árangur skimana bíði ekki hnekki í útfærslunni, út frá þeirri þekkingu sem hefur byggst upp hjá Krabbameinsfélaginu.

Engu að síður er það skoðun okkar að til að tryggja áframhaldandi gæði og árangur skimana væri farsælla og hagkvæmara að skipta verkefninu ekki upp með þeim hætti sem ákveðið hefur verið af heilbrigðisráðherra heldur að umsjón og stjórnun skimunar sé á sama stað enda mikilvægt að líta á skimunina sem eitt órjúfanlegt ferli, allt frá boðum í skimanir til uppgjörs og árangursmats.

Krabbameinsfélagið hefur áður sent frá sér tillögu um ofangreint og lagt til að stofnuð verði skimunarmiðstöð, þekkingarsetur um krabbameinsskimanir. Miðstöðin hefði það hlutverk að sjá um, skipuleggja, stjórna, framkvæma og gera upp skimanir fyrir krabbameinum út frá ákvörðunum stjórnvalda og leiðbeiningum skimunarráðs. Miðstöðin væri ekki rekin í ábataskini og fjármögnuð með þjónustusamningi við ríkið. Miðstöðin gæti falið öðrum aðilum framkvæmd skimana að hluta til eða í heild, að því gefnu að þeir fylgi klínískum leiðbeiningum, uppfylli gæðakröfur og upplýsingaskyldu, þyki það fýsilegt með tillit til árangurs, hagkvæmni og bæti þjónustu.

Á þeim tíma sem liðinn er frá tilflutningi hluta skimana, þ.e. klínískra brjóstaskoðana til Landspítala, hefur þjónusta við konur versnað til muna og undirrituð hafa áhyggjur af flutningi skimana til Landspítala, byggt á þeirri reynslu.

Bæði skimunarráð og landlæknir hafa ítrekað mikilvægi þess að við breytingar á skimun sé skipulagt til langs tíma og hafa lagt áherslu á að starfsemi sé tryggt nauðsynlegt fjármagn, þekking og mannauður. Undir þetta taka undirrituð heils hugar og lýsa jafnframt miklum áhyggjum yfir að þrátt fyrir fyrirspurnir hefur ekki hefur fengist staðfest að svo sé. Ekki þarf að tíunda að vandað sé til verka við fyrirhugaðar breytingar, gefinn nægjanlegur tími til rýni og undirbúnings, auk fjármagns og mannauðs. Það gildir jafnt um undirbúning og rekstur.

Reykjavík, 19. febrúar 2020

Ágúst Ingi Ágústsson
yfirlæknir Leitarstöðvar
Krabbameinsfélagsins

Halla Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri
Krabbameinsfélagsins

